

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

88. fundur haldinn í húsnæði Vatnajökulspjóðgarðs við Einhleyping í Fellabæ

7. febrúar 2018

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Steingrímur Karlsson, Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll en Þórhallur Borgarsson varamaður hans mætti. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í stað þjóðgarðsvarðar sem er í námsleyfi.

Formaður setti fund þegar allir voru mættir, rétt rúmlega 16.30.

1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða

Ruth fór yfir dagskrána og greindi frá því að Þórhallur hefði óskað eftir því að bæta einu erindi við dagskrána.

2. Fjárhagsáætlun VJP – austursvæði 2018

Ruth greindi frá rekstrarstöðu Vatnajökulspjóðgarðs á síðasta ári og áætlun næsta árs sem gerir ráð fyrir rekstrarhagræðingu sökum rekstrarhalla á síðasta ári.

Sótt verður um í innviðasjóð fyrir aukinni landvörslu eins og fyrir framkvæmdum.

Rekstrarúttekt á þjóðgarðinum í gangi að ósk Umhverfis og auðlindaráðuneytisins og á að klárast í janúar.

Svæðisráð austursvæðis mótmælir því að Vatnajökulspjóðgarði sé gert að greiða upp yfirkeyrslu við byggingu Snæfellsstofu, en framkvæmdin var á ábyrgð Framkvæmdasýslu ríkisins og aldrei á borði þjóðgarðsins.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við framlagaða rekstraráætlun en óttast að niðurskurður á launalið þýði minni landvörslu sem að lokum getur leitt til þess að loka þurfi svæðum vegna landspjalla. Svæðisráð bendir einnig á að skertur opnunartími í Snæfellsstofu þýði minni möguleika á að afla sértekna sem er ekki í samræmi við ca. 10% aukningu á sértekjulið rekstraráætlunarinnar.

Lagt var fram til kynningar skjal frá fjármálastjóra um hagræðingatillögur. Ákvörðun tekin um að taka það til afgreiðslu á næsta fundi.

Svæðisráð fagnar því að skrifstofu þjóðgarðsins í Reykjavík hafi verið sagt upp og væntir þess að lögheimili þjóðgarðsins verði flutt á skrifstofu þjóðgarðsins í Fellabæ. Jafnframt verður tryggt að skrifstofa fjármálastjóra sé áfram staðsett í Fellabæ.

3. Reglur stjórnar

Svæðisráð samþykkir framlagðar starfsreglur svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs og vísar til stjórnar til samþykktar.

4. Önnur mál:

- Undanþága til að tjalda utan skipulagðra tjaldsvæða.

Þórhallur vill meina að undanþágur sem þjóðgarðsvörður hefur veitt undanfarin ár gangi þvert á Stjórnunar- og verndaráætlun, náttúruverndarlög og lögreglusamþykkt um gistingu utan tjaldsvæða. Undanþága hefur verið veitt til þess að tjalda utan skipulagðra tjaldsvæða hópi sem skipuleggur viðburð á svæðinu. Steingrímur bendir á að vel skipulagðir viðburðir sem ekki hafi slæm á náttúruna hafa jákvæð áhrif á ímynd þjóðgarðs. Svæðisráð bendir á að ef árlega er sótt um undanþágu fyrir viðburð þá verði áfram í valdi þjóðgarðsvarðar að takmarka viðburðinn við ákveðin fjölda eða hafna undanþágunni. Þórhallur Þorsteinsson bókar að „*hann dragi í efa að þjóðgarðsvörður hafi heimild til að veita slíkar undanþágur*“.

-Fjarskiptasamband

Þórhallur Þorsteins greindi frá því að ef bæta á fjarskiptasamband í Lónsöræfum þá sé sá kostnaður líklega um 1,5m kr. Þórhallur hefur verið í samskiptum við Landsbjörg varðandi fjarskiptamál.

-Drög á innviðaaáætlun

Lögð voru fram drög að Innviðaaáætlun til 3ja ára. Svæðisráð óskar eftir því að uppbygging á aðstöðu fyrir starfsmenn í Krepputungu verði sett inn á 3ja ára áætlun. Innviðasjóður greiðir út 100% fjármagn við framkvæmdir.

Fundi slitið kl. 19

Ragna Fanney Jóhannsdóttir ritaði fundargerð